



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Borgarstjórninn í Reykjavík
Ráðhúsinu
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

AE/ag

Rvk. 8.09.2004

Samtök atvinnulífsins fagna hugmyndum um að Reykjavíkurborg selji Vélamiðstöð ehf. og Malbikunarstöðina Höfða ehf. Mikilvægt er að traust ríki á almennum útboðsmarkaði en því markmiði verður ekki náð ef opinber fyrirtæki eða deildir innan þeirra bjóða í verk samhliða einkareknum fyrirtækjum. Ekki er ástæða til að hafa áhyggjur af fákeppni á þessum markaði því reynslan sýnir að þegar hið opinbera lætur af einokun þá bregst markaðurinn jákvætt við og samkeppni eykst. Samtök atvinnulífsins beina því jafnframt til Reykjavíkurborgar að deildir innan Orkuveitu Reykjavíkur taki ekki þátt á almennum útboðsmarkaði. Þrátt fyrir að fullyrt sé að deildir þessar hafi sjálfstæðan fjárhag þá rýrir þátttaka þeirra það traust sem ríkja verður og leiðir til tortryggni um að keppt sé á jafnræðisgrundvelli.

Mjög mikilvægt er að Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög hugi að því hvernig ná megi aukinni hagkvæmni og sparnaði í rekstri með útboðum og einkaframkvæmd á fleiri sviðum svo sem söfnun og móttöku heimilisúrgangs, rekstur bílastæða og bílastæðahúsa, sundlauga, einstaka þætti úr rekstri hafna, rekstur safna og almenningssamgangna. Hér eru bara nefnd nokkur dæmi en einnig má benda á góða reynslu af útboðum á mörgum sviðum og má nefna að í flestum sveitarfélögum sjá einkaaðilar um alla sorphirðu, strætisvagnaskýli í Reykjavík eru rekin af einkafyrirtækjum, verið er að bjóða út snjómokstur og hálkuvarnir á vegum borgarinnar og á vegum Sorpu bs. er verið að bjóða út vélavinnu í móttökustöðinni í Gufunesi og urðunarstaðnum í Álfnesi.

Jafnframt beina Samtök atvinnulífsins því til borgarstjóra að hann beiti sér fyrir endurskoðun á aðkomu Vélamiðstöðvar ehf. að nýlegu útboði á vegum Sorpu bs. þannig að fyrirtæki á vegum borgarinnar valdi ekki stórfelldri röskun á þeim markaði sem í hlut á þar til fyrirhugaðar breytingar hafa orðið á eignarhaldi fyrirtækisins.

Virðingarfyllst,

Ari Edwald framkvæmdastjóri.